



Framkvæmda- fréttir

6. tbl. /04



Gamli Ford í Borgartúninu. Undir stýri er Magnús Nikulásson, fyrrverandi verkstæðisformaður.

Ford T, árgerð 1927

Nýlega festi Vegagerðin kaup á „Gamla ford“, Ford T, árgerð 1927 en meðeigandi að bílnum er Samgöngusafnið í Skógum, sem Vegminjasafnið er í samstarfi við.

Bíllinn er nákvæmlega eins og sá sem fór frægðarförina yfir Sprengisand árið 1933, fyrstur bíla og er keyptur til þess að styrkja þá sögu. Saga þeirrar ferðar var sögð í máli og myndum í 29. tbl. Framkvæmdafrétta 2003.

Enginn girkassi er í bílnum heldur tveggja hraða bandaskipting og mun hún undanfari síðari tíma sjálfskiptingar. Skiptingunni er stjórnað með fótstigum og eru tveir hraðar áfram, þ.e. hraður og hægur (high og low) og svo einn afturábak. Í gólfi eru þrjú fótstig. fótbremsan er lengst til hægri en fótstigin tvö vinstra megin stjórna ferðinni. **High:** Bæði fótstigin eru uppi. **Low:** Fótstigið lengst til vinstri stigið alveg niður. **Hlutlaus:** Fótstigið lengst til vinstri stigið til hálf. **Afturábak:** Fótstigið lengst til vinstri stigið til hálf og stigið



Mynd tekin á Sprengisandi 1933 í nánd við Hágöngur.

á miðjufótstigið.

Bensínjölfín er handstýrð og er hægra megin á stýrisstönginni en vinstra megin er kveikjunn stjórnað. Þegar vélin erfiðar er kveikjunn flýtt til þess að fá meiri kraft.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 6. tbl. 12. árg. nr. 363 8. mars 2004

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Nýtt skipurit Vegagerðarinnar

Inngangur

Síðastliðið ár hefur verið unnið að endurskoðun skipurits Vegagerðarinnar og skipulags á landsvísu. Ráðgjafi við verkeið var IBM - viðskiptaráðgjöf. Þessari vinnu er nú lokið og samgönguráðherra hefur samþykkt nýtt skipurit. Það tók formlega gildi 1. mars.

Ýmsar breytingar hafa orðið á ytra umhverfi Vegagerðarinnar undanfarin ár. Þar má nefnda breytingu á kjördæmskipan landsins og ný lög um samgönguáætlun sem marka ramma fyrir aukið samstarf og samvinnu við aðrar stofnanir á samgöngusviði. Sveitarfélög hafa sameinast og þar með hefur fækkað viðskiptaaðilum á því stjórnsýslustigi.

Útboð verka er fyrir löngu orðin meginregla í nýframkvæmdum Vegagerðarinnar og það sama má segja að verulegu leyti um viðhaldsverk. Útboð á ráðgjafabjónustu hefur farið vaxandi og á eftir að aukast. Rekstur og þjónusta á vegakerfinu er hins vegar enn aðeins í litlum mæli boðin út, að vetrarþjónustu undanskilinni.

Þær breytingar sem nú eru gerðar miða að því að aðlaga starfsemina að breyttu umhverfi, einingar eru stækkaðar og lögð áhersla á samræmingu með stöðluðu vinnulagi innan stofnunarinnar. Þá er horft til aukinnar skilvirkni og þar með bættrar nýtingar fjármuna til vegagerðar. Verkefni miðstöðvar sem snúa að stjórnsýslu, gerð staðla og verklýsinga er afmarkað skýrar en áður. Nokkrir þættir þeirrar starfsemi eru fluttir í stöðvar úti á landi. Starfsemi eininga utan miðstöðvar er breytt og betur dregið fram það meginhlutverk að byggja, halda við og reka vegakerfið.

Engar uppsagnir verða við þessar breytingar en verkefni eru færð til og ný verkefni flutt út á land. Mannahald á öllum

starfsstöðvum er að mestu óbreytt en nýir stjórnunarhættir opna möguleika á frekari flutningi verkefna úr miðstöð í Reykjavík út á landsbyggðina.

Miðstöð

Í miðstöð stjórnunar í Reykjavík eru sem áður þrjú svið. Nafni tæknisviðs er breytt í framkvæmdasvið. Nokkrar breytingar eru gerðar á verkefnum sviða sem hafa í för með sér tilfærslu deilda. Tvær nýjar deildar eru myndaðar, starfsmannadeild og umferðardeild.


Svæðaskipting

Í nýju skipulagi er landinu skipt í fjögur svæði sem að mestu fylgja núgildandi kjördæmamörkum. Sjá kort sem birtist í 3. tölublaði. Svæðum verður stjórnað af svæðisstjóra sem hefur aðsetur í svæðismiðstöð.

Á Selfossi er svæðismiðstöð fyrir Suðursvæði. Þjónustustöðvar eru á Selfossi, í Vík og á Höfn. Sú síðastnefnda verður þó með stjórnun frá Reyðarfirði.

Suðvestursvæði nær yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Svæðismiðstöð er í Reykjavík og þjónustustöð í Hafnarfirði.

Svæðismiðstöð fyrir Norðvestursvæði er í Borgarnesi. Þar verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á svæðinu og einnig viðhaldi og þjónustu. Umdæmisstjóri á Ísafirði hefur yfirumsjón með nýframkvæmdum á svæðinu. Umdæmisstjóri á Sauðárkróki mun stjórna árangurs- og eftirlitsverkefnum á landsvísu. Í því fellst samræming útboða og eftirlit með nýbyggingar-, viðhalds-, og þjónustuverkefnum. Einnig umsjón með skilamati, árangursmælingar og gerð áætlana um umferðaröryggisaðgerðir. Þjónustustöðvar eru



* Þjónustustöð á Höfn hefur umsjón frá Reyðarfirði.

eftirtaldar eins og verið hefur: Borgarnes, Ólafsvík, Búðardalur, Patreksfjörður, Ísafjörður, Hólmavík, Hvamms-
tangi og Sauðárkrókur.

Svæðismiðstöð fyrir Norðaustursvæði er á Akureyri. Þar
verður yfirumsjón með áætlunum og hönnunarkaupum á
svæðinu og einnig nýframkvæmdum. Umdæmisstjóri á
Reyðarfirði hefur yfirumsjón með viðhaldi og þjónustu á
svæðinu. Á Akureyri verður öflug hönnunardeild sem starfar
á landsvísu. Þjónustustöðvar eru eftirtaldar eins og verið
hefur: Akureyri, Húsavík, Þórshöfn, Vopnafjörður, Fellabær,
Reyðarfjörður. Þjónustustöð á Höfn er stjórnað frá Reyðarfirði
þótt hún tilheyrir Suðursvæði.

Lokaorð

Með nýju skipulagi er stefnt að því að laga Vegagerðinar að
breyttum ytri aðstæðum og gera hana þannig hæfari til að
takast á við ný verkefni og nýja tíma.

Ný umferðarmerki

Nýtt viðvörðunarkerki vegna hreindýra hefur verið tekið í
notkun. Ennfremur hafa bæst við fjögur ný þjónustumerki.
Upplýsingar um þessi merki hafa verið sendar Samgöngu-
ráðuneytinu til afgreiðslu og munu síðar fá staðfestingu í
umferðarmerkjareglugerð.

Sjá má myndir allra umferðarmerkja á heimsíðu Vegagerðar-
innar, vegagerdin.is, í hliðarvalmynd, „Umferð og umferðar-
öryggi“.

Þar eru einnig vistuð FreeHand skjöl með tölvumyndum
merkjanna sem allir hafa frjálstan aðgang að.

Auglýsingar útboða

Nesbraut (49), færsla

Hringbrautar, eftirlit 04-026

Vegagerðin og Reykjavíkurborg óska eftir tilboðum í
eftirlit með verkinu Nesbraut (49), færsla Hringbrautar.

Til verkframkvæmdarinnar telst færsla Hringbrautar á
um 1,2 km löngum kafla milli Rauðarárstígs og
Þorfinnstjarnar og aðlögun við aðliggjandi götur, ásamt
breytingum á gömlu Hringbraut og tengingum við hana,
bygging þriggja göngubrúa og tvennra undirganga, lagna
fyrir Orkuveitu Reykjavíkur og Landsíma Íslands, auk
stígagerðar og landmótunar sem nauðsynleg er til að ljúka
verkinu endanlega.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð
fyrir að verkinu verði að fullu lokið 15. október 2005.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Val ráðgjafa fer fram á grundvelli hæfnismats og verðs
og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlut-
um, þ.e. upplýsingar um hæfni ráðgjafa og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgartúni 7,
Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 8. mars
2004. Verð útboðsgagna er 8.000 kr.


Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðju-
daginn 6. apríl 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15
þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opnunarfundur verður haldinn þriðjudaginn
13. apríl 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verðar upp
einkunnir bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð opnuð.



A11.38 Hreindýr

Merki þetta má nota til að vara við
því að hreindýr gangi laus á vegsvæði
þar sem umferð er mikil og að jafnaði
hröð.




E06.61 Aðgangur að neti

Merki þetta vísar á stað þar sem boðið
er upp á aðgang að tölvu með net-
tengingu.



E02.46 Orlofshúsaahverfi

Merki þetta vísar á þyrpingu orlofs-
húsa samtaka eða einstaklinga. Húsin
eru almennt ekki boðin ferðafólki til
leigu.




E07.65 Fjór hjól til leigu

Merki þetta vísar á stað þar sem fjór-
hjól eru til leigu.



E02.66 Fuglaskoðun

Merki þetta vísar á stað sem er hent-
ugur til að skoða fugla.



E08.81 Tónlistarflutningur

Merkið vísar á stað þar sem vísað er á
tónlistarhátíð eða þar sem tónlistar-
flutningur fer fram.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-003 Hringvegur (1), Gjúfurá - Brekka, 1. áfangi	04
04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar	04
04-016 Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir	04
04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004	04
04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004	04
04-029 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi eystra 2004	04
04-027 Mjóafjarðarferja 2004-2006	04
04-019 Brekkuselsvegur að skíðasvæði Dalvíkur	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
04-021 Yfirlagnir á Vestfjörðum 2004	04
04-024 Landgræðsla á Vestfjörðum 2004	04
04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004	04
03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), brú á Hörgá	04
04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004	04
04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-013 Mölbúður með malardreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-007 Þverárfjallsvegur (744), Tunga - Sauðárkrúkur 2004-2005	04
04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra 2004-2005	04
04-010 Efrbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004	04
04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut	04
04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005	04
04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrúkur - Helluland 2004	04
04-025 Snjómokstur og hálkuvörn í Suðurlandsumdæmi, Helligheiði, Þrengslavegur og Árborgarhringur	04
04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell	04
04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005	04
03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
03-080 Norðfjarðarvegur (92), hjáleið í Reyðarfirði, 2. áfangi	04
03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku	04

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst: dagur, mánuður, ár
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbýgging 2. áfangi	04
03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit	08.03.04	06.04.04
04-031 Malbikun á Ísafirði 2004	08.03.04	30.03.04
03-091 Laugarvatnsvegur (37) um Brúará	01.03.04	23.03.04
04-020 Drangsnisvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines	23.02.04	09.03.04
01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar	01.03.04	30.03.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
03-098 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð, eftirlit	12.01.04	10.02.04
03-100 Kringlumýrarbraut - Miklabraut, frumdrög og mat á umhverfisáhrifum	12.01.04	03.02.04
03-064 Hringvegur (1), göng undir Almannaskarð	08.12.03	27.01.04

Auglýsingar útboða

Malbikun á Ísafirði 2004 04-031

Vegagerðin og Ísafjarðabær óska eftir tilboðum í verkið „Malbikun á Ísafirði 2004“.

Um er að ræða innflutning steinefna, framleiðslu malbiks og útlögn. Fyrst og fremst er um yfirlagnir að ræða. Langstærsti hluti verksins er á Ísafirði, lítill hluti í Súðavík, á Flateyri, í Bolungarvík og á Þingeyri.

Helstu magntölur eru:


Framleiðsla malbiks 7.000 tonn

Útlögn 65.000 m²

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með 8. mars 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 30. mars 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 1. mars 2004. Samtals er búið að sprengja 3.232 m sem gerir 57%.